

Nd.

564. Lög

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja inn nautgripi af brezku holdakyni.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí).

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta flytja inn nautgripi af brezku holdakyni, til hreinræktar og blendingsræktar hér á landi.

Kaupverð gripanna og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Framkvæmd laganna og öll mál, sem standa í sambandi við þau, heyrja undir atvinnumálaráðherra í samráði við Búnaðarfélag Íslands, rannsóknarstofu atvinnuveganna og dýralækna landsins, einkum dýralækninn í Reykjavík.

2. gr.

Vilji ríkisstjórnin nota heimild þá, sem henni er veitt í 1. gr., til innflutnings nautgripa, skal hún leita álits Búnaðarfélags Íslands um það, hvert eða hver kyn skal flytja inn, og má þá eigi flytja inn önnur kyn en þau, sem það mælir með.

3. gr.

Nú eru nautgripir fluttir inn í landið samkvæmt heimild í lögum þessum, og gilda þá, eftir því sem við getur átt, öll hin sömu ákvæði um heilbrigði hinna innfluttu gripa, einangrun og sóttvarnir, sem sett eru í lögum nr. 27 8. sept. 1931, svo og ákvæði þeirra laga um brot og sektir.

4. gr.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara setur atvinnumálaráðherra með reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.